

Nefndasvið Alþingis

Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar, 2008

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um útlendinga, nr.96 15.maí 2002.

Framfærsla útlendinga

Í 8.gr frumvarpsins er fjallað um grunnskilyrði dvalarleyfis, en eitt af þeim er að útlendingur sýni fram á sjálfstæða framfærslu á meðan á dvöl hans stendur. Hingað til hafa stúdentar frá löndum utan EES og EFTA því mætt miklum fjárhagslegum hindrunum hyggist þeir leggja stund á nám á Íslandi, en þeir hafa þurft að sýna fram á sjálfstæða framfærslu upp á 95.325 kr. á mánuði fyrir allan þann tíma sem þeir dveljast hér.

Árið 1999 skrifaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, undir Bolognayfirlýsinguna sem miðar að því að árið 2010 verði til hágæða háskólasamfélag í Evrópu þar sem landamæri eða aðrar hindranir standi ekki í vegi fyrir hreyfanleika nemenda og kennara. Í dag eru 46 ríki aðilar að Bologna ferlinu en 15 þeirra eru utan EES og EFTA. Ætli menntamálaráðuneytið sér að innleiða ferlið af sannfæringu verður að tryggja það að stúdentar frá þessum ríkjum geti átt þess kost að stunda nám á Íslandi, en hreyfanleiki stúdenta er hornsteinn evrópska háskólasvæðisins.

Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar það að ekki hafi verið gerðar breytingar á lögum um framfærslukröfu stúdenta við endurskoðun þessa, en þessi krafa dregur verulega úr getu þeirra til að stunda nám hérlendis. Grunnframfærsla á Íslandi er mun hærrí en grunnframfærsla í þeim ríkjum Bologna ferlisins sem eru utan EES og EFTA, og engir námsstyrkir eða námslán (sem á annað borð eru almennt ekki til staðar í þessum ríkjum) komast nálægt því að uppfylla þessar kröfur. Af þessu drögum við þá ályktun að háskólamenntun á Íslandi sé einungis opin þeim erlendu námsmönnum sem eru vel staddir fjárhagslega og samræmist það síður en svo grundvallarhugmyndum Bologna ferlisins um að hindranir standi ekki í vegi fyrir hreyfanleika stúdenta. Sannfærandi innleiðing Bologna ferlisins felur það í sér að allar kröfur séu uppfylltar, en ríkjum er ekki heimilt að uppfylla aðeins sumar þeirra og vanrækja aðrar. Það er því ljóst að á meðan þessi fjárhagslega hindrun er til staðar mun íslenska ríkið ekki ná að innleiða ferlið á sannfærandi hátt.

Í d-lið 1. mgr. 23. gr. Frumvarps til laga um breytingar á lögum um útlendinga nr. 96/2002 er einnig minnst á skilyrði um framfærslu fyrir útlendinga frá EES og EFTA löndum, en hingað til hafa þessir stúdentar ekki verið krafðir um að sýna fram á framfærslu við komu hingað til lands. Stúdentaráð Háskóla Íslands gerir athugasemd við ákvæði þetta en svo virðist sem þetta sé bein þversögn á skuldbindingar íslenskra stjórnvalda gagnvart EES og Norðurlöndunum.

Samkvæmt EES á frjáls för manna innan EES og ESB svæðisins að vera heimil, en að krefja stúdenta innan þessa svæðis að sýna fram á tryggja framfærslu við komu til landsins vegna náms virðist stangast á við umræddar skuldbindingar.

Síðan 1995 hefur verið litið á Norræna háskóla sem eitt háskólasvæði og árið 1996 skuldbatt íslenska ríkið sig að líta á Norræna stúdenta á sama hátt og íslenska stúdenta og verður því að gera athugasemd við þessa framfærslukröfu, en sambærileg krafa er ekki gerð á íslenska stúdenta.

Námsframvindukrafa

Skv. e-lið 10.gr. frumvarpsins fær útlendingur dvalarleyfi sitt endurnýjað geti hann sýnt fram á viðunandi námsárangur. Námsárangur telst viðunandi hafi útlendingur lokið a.m.k. 75% af fullu námi. Skv. frumvarpi þessu verður sú breyting gerð að við fyrstu endurnýjun telst 50% af fullu námi viðunandi.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar því að þarna sé verið að taka tillit til ýmissa félagslegra aðstæðna sem stúdentar mæta við komu í nýtt umhverfi. Aftur á móti teljum við kröfuna um að uppfylla 75% af fullu námi óraunhæfa í ljósi þess hversu oft erlendir stúdentar lenda í því að námskeiðin sem þeir skráðu sig í fyrstu, falli niður vegna dræmrar þátttöku. Þá neyðast þeir til að skrá sig í nýtt námskeið, en úrval námskeiða sem kennd eru á ensku er ekki mikið og þurfa þeir því oft að skrá sig í námskeið í öðrum deildum sem eru ekki endilega tengd þeirra námi.

Auk þess ættu sömu undanþágur að vera til staðar varðandi 75% námsframvindu og hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. LÍN veitir undanþágu frá kröfunni um 75% námsframvindu sé stúdent t.d. skráður í þrjá 5 eininga kúrsa eða tvo 7,5 eininga kúrsa.